



Fréttabréf forseta í janúar 2018

Kæru DKG systur

Nýtt ár er hafið og með því koma fjölbreytt verkefni hjá okkur í Delta Kappa Gamma eins og öðrum. Helstu verkefni forseta á liðnum vikum hafa falist í stússi við að skipuleggja undirbúning Evrópuráðstefnunnar 2019 og líklega má búast við að svo verði áfram allt kjörtímabilið. Stýrihópurinn tekur að sér formennsku í undirbúningsnefndunum en okkur vantar ennþá konur til starfa. Á Facebooksíðu samtakanna er lýsing á starfssviðum hvernar nefndar og ég hvet ykkur til að kynna þær í deildunum og hvetja konur úr ykkar deildum til þátttöku. Það er ekkert sem segir að nefndarkonur þurfi allar að vera úr Reykjavík og það væri gaman ef allar deildir ættu fulltrúa í undirbúningsnefndum. Hlekkur á síðuna er: <https://www.facebook.com/groups/456735407744438/>



Framkvæmdaáætlunin

Verkefni DKG snúast öll um að efla konur með einhverjum hætti. Í framkvæmdaáætluninni fyrir þetta kjörtímabil eru tvö verkefni sem miða sérstaklega að því að gera þetta auðveldara fyrir okkur. Annars vegar flipinn „Þekkingarforðinn“ á heimasíðunni. Þar inni langar okkur að byggist upp listi yfir umfjöllunarefni sem konur innan samtakanna eru tilbúnar að vera með á ráðstefnum, fundum eða við önnur tækifæri. Hitt verkefnið er að setja myndir af félagskonum í félagatalið. Bæði þessi verkefni voru kynnt og samþykkt á framkvæmdaráðsfundi í haust og nú er komið að ykkur, ágætu formenn deilda að koma þessum verkefnum á dagskrá, því ekkert gerist án ykkar og deildakvennanna. Ég bið ykkur líka að skoða heimasíður deildanna, sumar deildir eru með allt eins og það á að vera en nokkuð vantar hjá öðrum. Það er mikilvægt að á deildasíðunum sé í það minnsta hægt að sjá hverjar eru í stjórn og fundadagatal vetrarins. Ekki er verra ef fundargerðir og myndir úr starfinu fylgja. Í mörgum deildum er þetta verkefni ritara eða annars sem valinn hefur verið til að sjá um deildasíðuna.

Það fer einnig að stytast í vorfréttabréfið okkar og í bið deildarformenn að vera búna undir að skrifa pistla um vetrarstarfið í það.

Kosningar

Nú ættu allar deildir að vera búnar að skipa uppstillingarnefndir til að velja í nýjar stjórnir þar sem stjórnarkjör í deildunum eiga að vera á ártölum með sléttri tölu. Það er mikilvægt að halda formfestunni þegar kemur að skipan stjórna og verkefna þeirra og því set ég hér með þær greinar úr lögum samtakanna sem eiga við um þetta efni.

Í 6.grein laga félagsins segir um stjórnun deilda:

Stjórn deildar skipa formaður, varaformaður og ritari allir kjörnir. Gjaldkeri er valinn af framkvæmdaráði. Heimilt er að kjósa annan varaformann og/eða bréfitara.

Stjórnir deilda geta sem sagt verið 3-5 manna. Nánar má lesa um störf og skyldur þessara aðila á heimsíðunni okkar https://www.dkg.is/static/files/skjol_landsamband/log_og_reglugerdir.pdf

Í lögunum segir um kosningar og kjörtímabil deilda

a) Embættismenn deildar, nema gjaldkeri, eru kosnir á aðalfundi hvert ár þegar ártalið er jöfn tala. Meirihluti greiddra atkvæða ræður kosningu.

b) Kjörtímabil er tvö ár eða þar til eftirmaður hefur verið fundinn. Enginn má gegna sama embætti lengur en tvö kjörtímabil í senn, að gjaldkera undanskildum.

c) Stjórn deildar velur gjaldkera til tveggja ára.

Ég hvet ykkur, kærur formenn, til að ræða stjórnarskipti á næsta deildarfundum hjá ykkur og minna konur á, að í litlum félögum eins og deildirnar okkar eru, þurfa allar konur einhvern tímann að takast á við stjórnarhlutverk. Það er enda í góðu samræmi við markmið samtakanna um að efla konur til starfa því fátt er jafn eflandi og að takast á við áskoranir í jafningjahópi.

Vorþingið og samveran

Það styttist í vorþingið á Egilsstöðum. Þema þingsins er „sköpun, gróska og gleði“. Það er smá ferðalag að fara til Egilsstaða en ferðalög geta verið ótrúlega skemmtileg, ekki síst í góðum félagsskap. Ég hvet ykkur til að skoða með ykkar konum möguleikana á að ferðast saman og eiga frábæra fræðsluhelgi með skemmtilegum konum dagana 4.-6.maí. Nánari upplýsingar um þingið og gistimöguleika má finna á <https://www.dkg.is/is/thing-og-namskeid/vorthing/vorthing-2018>

Að lokum

Allt félagsstarf krefst þátttöku, stundum er mikið að gera og stundum lítið. Þegar er mikið að gera er gott að dreifa verkefnum þannig að þær sem eru í forystu bogni ekki undan álagi og þannig náum við markmiðum samtakanna um eflingu kvenna best. Það er líka gefandi að hafa mikið að gera og finna að þátttaka manns skiptir máli í einhverju samhengi.

Að þessum skrifum loknum skellir forseti sér á skíði í vetrarblíðunni því allar árstíðir hafa sinn sjarma þó að það geti verið miserfitt að koma auga á hann.

Bestu kveðjur að vestan

Jóna

